



Aðalfundur Foreldrafélags Álftanesskóla

Haldinn í sal Álftanesskóla fimmtudaginn 24. maí kl. 20

Dagskrá fundarins

1. Setning
2. Formaður flytur skýrslu stjórnar
3. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins og greinir frá stöðu söfnunarreikninga nemenda
5. Umræður um skýrslu stjórnar og gjaldkera
6. Kosning stjórnar og fulltrúa í skólaráði
7. Önnur mál
8. Kynning á viðbyggingu

Stjórn Foreldrafélagsins 2017-2018

- + Bjarndís Helga Tómasdóttir formaður (2017-)
- + María Fjóla Björnsdóttir varaformaður (2017-)
- + Bergþór Júlíusson gjaldkeri (2016-)
- + Ólöf Ösp Guðmundsdóttir ritari (2017-)
- + Anna María Snorradóttir meðstjórnandi (2014-2018)
- + Aðalbjörg Jónsdóttir meðstjórnandi (2017-)
- + María Eliassen meðstjórnandi (2016-)

Fulltrúar foreldra í skólaráði

- + Berglind Birgisdóttir (2016-)
- + Þóroddur Björgvinsson (2017-)
- + Aðalbjörg Jónsdóttir (fulltrúi úr stjórn 2017-)

Skoðunarmaður reikninga

+ Soffía Eydís Björgvinsdóttir (2017-)

Fulltrúar í stjórn Grunnstoðar Garðabæjar

Samstarfsvettvangur foreldrafélaga grunnskóla í Garðabæ

- + Ólöf Ösp Guðmundsdóttir – fulltrúi stjórnar Foreldrafélags Álftanesskóla í stjórn Grunnstoðar
- + Þóroddur Björgvinsson – fulltrúi foreldra í skólaráði Álftanesskóla í stjórn Grunnstoðar
- + Bjarndís Helga Tómasdóttir – varamaður stjórnar Foreldrafélags
- + Aðalbjörg Jónsdóttir – varamaður fulltrúa foreldra í skólaráði

Grunnstoð Garðabæjar

- + Grunnstoð Garðabæjar er samstarfsvettvangur foreldrafélaga grunnskóla í Garðabæ
- + Grunnstoð heldur fundi með bæjarstjóra Garðabæjar tvisvar sinnum yfir veturinn. Þar gefast fulltrúum hvers skóla fyrir sig tækifæri til að bera erindi upp við bæjarstjóra er varðar hvern skóla.
- + Grunnstoð heldur sameiginlegan fræðslufund fyrir foreldra tvisvar á ári.

Ágúst

Fundur með umsjónarkennurum

- + Formaður og stjórn Foreldrafélagsins hittu umsjónarkennara
- + Yfirlit yfir helstu verkefni Foreldrafélagsins í vetur kynnt
- + Rætt um bekkjarfulltrúahlutverkið og hvernig best skuli staðið að vali á bekkjarfulltrúum á haustfundum
- + Rætt var um skjal um hlutverk bekkjarfulltrúa
- + Skjal kynnt þar sem fram koma hlutverk umsjónarkennara, skólastjóra og stjórnar Foreldrafélagsins

September

Fundir með nýjum bekkjarfulltrúum

- + Fulltrúar úr stjórninni héldu fundi með nýjum bekkjarfulltrúum og fjáröflunarfulltrúum í september
- + Haldnir voru tveir fundir. Einn fyrir bekkjarfulltrúa allra árganga og einn fyrir fjáröflunarfulltrúa hjá þeim árgöngum sem erum með fjáraflanir
- + Á fundi með bekkjarfulltrúum var m.a. rætt hlutverk bekkjarfulltrúa, foreldraröltið kynnt, auk þess sem kynntar voru helstu breytingar sem foreldrafélagið stefndi á að gera
- + Á fundi með fjáröflunarfulltrúum var farið yfir helstu fjáraflanir vetrarins

Október - Fræðslufundur

Er síminn barnið þitt?

- + 5. október var haldinn opinn fræðslufundur um umgengni við snjalltæki og hvað beri að varast.
- + Fundurinn var ætlaður foreldrum og forráðamönnum allra grunnskólabarna í Garðabæ. Fundurinn var haldinn í samvinnu Grunnstoðar Garðabæjar, grunnskóla, leikskóla og mannréttinda- og forvarnarnefndar Garðabæjar.
- + Björn Hjálmarsson, barna- og unglingageðlæknir, fjallaði um þær miklu lífstílsbreytingar sem orðið hafa hjá börnum og unglingum með tilkomu nýrrar tækni og hvort einhverjar ógnir lúri í farvatninu.
- + Arna Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur, fjallaði um hvað hefði áhrif á svefn barna og unglinga En það eru þættir eins og skipulag á daglegu lífi, venjur foreldra og persónugerð barnsins.

Nóvember

Undirbúningur fyrir jóla- og góðgerðardag

Meðal verkefna var að:

- + Útbúa auglýsingu fyrir borðapantanir og auglýsingu fyrir Jóla- og góðgerðardaginn
- + Útvega aðila til þess að flytja ávarp í upphafi dagskrár
- + Útvega skemmtiatriði
- + Útvega vinninga í happdrætti
- + Vera í samskiptum við bekkjafulltrúa og/eða fjáröflunarfulltrúa varðandi daginn
- + Endurskoða fyrirkomulag Jóla- og góðgerðardags

Desember

Jóla- og góðgerðardagur

- + Jóla- og góðgerðardagurinn var haldinn 2. desember
- + Samvinna var við Garðabæ sem stýrði jólatrésskemmtun úti að dagskrá lokinni
- + Eliza Reid forsetafrú flutti ávarp í upphafi. Nokkrir nemendur skólans voru með ýmis skemmtiatriði. Auk þess sem Karitas Harpa söng og Góði úlfurinn rappaði. Hraðbingó Lions og tíkusýning nemenda í 5.bekk voru á sínum stað
- + Lionsmenn og Kvenfélagskonur lögðu Foreldrafélaginu lið við undirbúning og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir
- + Foreldrafélag Álftanesskóla færði skólanum spil að gjöf

Jóla- og góðgerðardagur

Helstu breytingar

- + Breyting á uppsetningu í sal
- + Þögult uppboð
- + Fjáröflunarfulltrúar í 7.bekk gerðu breytingar á fjáröflun. Í stað dekurhorns voru þau með Jólaport þar sem seldur var alls konar varningur og veitingar
- + Settur var upp bókamarkaður
- + Auglýsing var send með póstdreifingu

Jóla- og góðgerðadagur

Hugsanlegar breytingar

- + Jóla- og góðgerðardagsnefnd
- + Óska eftir meiri aðstoð frá Garðabæ
- + 15. september tekin ákvörðun um hvort af deginum verði
- + Mögulega kveikja á jólatrénu kl 14 og hafa Jóla- og góðgerðardaginn til kl 17 í staðin

Desember

Fjáraflanir á Jóla- og góðgerðardag

- + 4. bekkur var með Lukkuhjólíð. Bekkirnir völdu að safna fyrir Rauða kross Íslands.
- + 6. bekkur seldi jólamerkimiða
- + 7. bekkur var með Jólaport þar sem þau seldu ýmsan varning
- + 10. bekkur sá um kaffisölu
- + Ágóði af leigu söluborða rann til Líknarsjóðs Álftaness
- + Foreldrafélagið stóð fyrir happdrætti og uppboði og rann allur ágóði til Líknarsjóðs Álftaness

Desember

Fundur Grunnstoðar með bæjarstjóra

Fulltrúar Foreldrafélags Álftanesskóla í Grunnstoð fengu tækifæri til að bera upp erindi við bæjarstjóra á fundi 14. desember

Þau málefni sem fulltrúar Álftanesskóla ræddu voru eftirfarandi:

- + Staða mála varðandi viðbygginguna
- + Slæmt ástand á listhúsi
- + Aðkoma að skólanum og hönnun skólalóðar
- + Staðsetning frístundar
- + Mögulega tengingu milli kennsluskála
- + Hljóðvist í matsal
- + Óskað eftir myndavélum á skólalóð

4. júní næstkomandi verður annar fundur með bæjarstjóra Garðabæjar

Febrúar

Afhending styrkjar

- + 5. febrúar afhentu nemendur í 4. bekk með stolti styrk úr Lukkuhjólasöfnuninni á Jóla- og góðgerðadegi.
- + Nemendur völdu að styrkja Rauða kross Íslands og afhentu 110.000 kr.

Febrúar

Öskudagsskemmtun

- + Öskudagsskemmtunin var haldin 14.febrúar. Hún er samstarfsverkefni nemenda í 10. bekk, bekkjarfulltrúa í 10. bekk og annarra foreldra, Foreldrafélagsins, Elítunnar og skólans.
- + Skemmtunin er fjáröflun 10. bekkinga. 80% af ágóða dagsins rennur í útskriftarsjóð þeirra og 20% nota nemendur til að færa Elítunni kveðju- og þakkargjöf .
- + Í ár gefa nemendur Elítunni Phillips HUE ljós
- + Foreldrafélagið styrkir viðburðinn m.a. með leigu á hoppukastala

Mars

Páskabingó

- + Foreldrafélagið stóð fyrir páskabingói sem haldið var 21. mars
- + Breytt fyrirkomulag á páskabingói var gerð út frá reynslu fyrri ára ásamt athugasemdum skólastjóra vegna hegðunar margra barna og skemmdarverkum á eignum skólans
- + Bingóið var þrískipt. kl. 17:30- 18:15 var bingó fyrir nemendur og foreldra barna í 1.-4. bekk. Sameiginleg pizzasala yngra- og miðstigs var kl. 18:15- 19:00. Kl 19:00- 19:45 var bingó fyrir 5.-7. bekk. Kl. 20:30 var pizza og bingó fyrir 8.-10. bekk.
- + Bjarndís Helga Tómasdóttir var bingóstjóri
- + Lionsklúbbur Álftaness veitti Foreldrafélaginu styrk til að kaupa lítil páskaegg til að færa öllum börnum sem mættu á páskabingóið

Maí

Afhending styrkjar

- + 8. maí afhenti Foreldrafélag Álftanesskóla Líknarsjóði Álftaness 200.000,- króna styrk sem var ágóði af Jóla- og góðgerðadegi

Maí - Fræðslufundur

Vináttufærni, hagir og líðan

- + Grunnstoð stóð fyrir fræðslufundi fyrir foreldra í Garðabæ þriðjudaginn 15.maí um vináttufærni, hagi og líðan barna
- + Fundurinn var ætlaður foreldrum og forráðamönnum allra grunnskólabarna í Garðabæ.
- + Margrét Lilja Guðmundsdóttir hjá Rannsóknum og greiningu fjallaði um niðurstöður rannsókna sem Rannsókn og greining hafa gert á börnum og unglingum í Garðabæ í vetur
- + Anna Steinsen, tómstunda- og félagsmálafræðingur, fjallaði um vináttuna og gaf góð ráð um hvernig börn geta eft sig félagslega.

Helstu breytingar

- + Skipting bekkjafulltrúa og fjáröflunarfulltrúa
- + Notkun á bekkjafulltrúasíðu fyrir upplýsingaflæði til bekkjafulltrúa
- + Breytingar á foreldrarölti
- + Breyting á fyrirkomulagi páskabingósins
- + Breytingar á Jóla- og góðgerðardegi

Stjórn Foreldrafélags
Álftanesskóla
veturinn 2017-2018
þakkar fyrir sig

